

Vímuefnanotkun, hagir og líðan
framhaldsskólanema á Íslandi
2007

Menntaskólinn í Reykjavík

*Rannsókn meðal framhaldsskólanema á
Íslandi árið 2007*

Samanburður rannsókna frá 2000, 2004 og 2007



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Háskólanum í Reykjavík – Ofanleiti 2

103 Reykjavík, s: 599 6431

*Höfundar:
Hrefna Pálsdóttir
Álfgeir Logi Kristjánsson
Inga Dóra Sigfúsdóttir
Jón Sigfússon*

*Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án
skriflegs leyfis Rannsóknna & greiningar.*

© 2008 Rannsóknir & greining ehf

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit _____	3
Yfirlit yfir myndir _____	4
Yfirlit yfir töflur _____	8
Inngangsorð _____	9
Aðferð og gögn _____	11
Þátttakendur _____	11
Mælitæki _____	12
Framkvæmd og úrvinnsla gagna _____	12
Skólar sem tóku þátt í framhaldsskólarannsóknni haustið 2007 _____	13
Vímuefnanotkun _____	14
Tóbaksnotkun _____	16
Reykingar _____	16
Notkun munn – og neftóbaks _____	20
Áfengisnotkun _____	21
Notkun um ævina _____	21
Ölvunardrykkja _____	23
Hvar neyta framhaldsskólanemar áfengis? _____	26
Ólögleg vímuefni _____	27
Neysla á hassi _____	27
Neysla annarra ólöglegra vímuefna _____	31
Engin ólögleg vímuefni _____	32
Breytingar á neyslu ungmenna frá 10. bekk yfir í framhaldsskóla _____	34
Hagir og líðan _____	38
Nám og skóli _____	53
Íþróttir og tómstundir _____	65
Heimildaskrá _____	75

Yfirlit yfir myndir

- Mynd 1.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. 16
- Mynd 2.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. 16
- Mynd 3.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast reykja sígarettur daglega. 18
- Mynd 4.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast reykja sígarettur daglega. 18
- Mynd 5.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar um ævina. 21
- Mynd 6.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. 22
- Mynd 7.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar um ævina. 23
- Mynd 8.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004 og 2007. 24
- Mynd 9.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004 og 2007. 24
- Mynd 10.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004 og 2007. 27
- Mynd 11.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004 og 2007. 27
- Mynd 12.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina. 29
- Mynd 13.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oftar um ævina. 30
- Mynd 14.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem neytt hafa annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E-töflur, LSD, kókaín). 31
- Mynd 15.** Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna um ævina, árin 2000, 2004 og 2007. 32
- Mynd 16.** Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem segjast aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna um ævina, árin 2000, 2004 og 2007. 32

Mynd 17. Vímuefnaneysla nemenda í 10. bekk vorið 2007 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2007.	34
Mynd 18. Daglegar reykingar nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2007 (bláu súlurnar). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.	35
Mynd 19. Hlutfall nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2007 sem hafa orðið ölvaðir sl. 30 daga (bláar súlur). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.	36
Mynd 20. Hlutfall nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2007 sem hafa notað hass einhvern tíma um ævina (bláar súlur). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.	37
Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að fjölskyldu þeirra finnist mikilvægt að þau standi sig vel í námi.	40
Mynd 22. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að vinum þeirra finnist mikilvægt að standa sig vel í námi.	41
Mynd 23. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að finnst mikilvægt að standa sig vel í námi.	42
Mynd 24. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast <i>oft</i> horfa á sjónvarpið með fjölskyldu sinni.	43
Mynd 25. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast <i>oft</i> stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni.	44
Mynd 26. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast <i>oft</i> tala við fjölskyldu sína... 45	45
Mynd 27. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi sem telja mjög eða frekar erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.	46
Mynd 28. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum.	47
Mynd 29. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið.	48
Mynd 30. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að þau hafi engan til að tala við.	49

Mynd 31. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að eiga erfitt með að eignast vini.	50
Mynd 32. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel um sig að vera einmana.	51
Mynd 33. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel um sig að vera vinsæl(l) meðal skólafélaga sinna.	52
Mynd 34. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt.	53
Mynd 35. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust.	54
Mynd 36. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið.	55
Mynd 37. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir.	56
Mynd 38. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum.	57
Mynd 39. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að langa til að hætta í skólanum.	58
Mynd 40. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla.	59
Mynd 41. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að semja illa við kennarana.	60
Mynd 42. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum.	61
Mynd 43. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í frímínútum.	62

Mynd 44. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera utanveltu í skólanum.	63
Mynd 45. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera lögð/lagður í einelti í skólanum.	64
Mynd 46. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.	65
Mynd 47. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.	65
Mynd 48. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.	67
Mynd 49. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.	67
Mynd 50. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni.	69
Mynd 51. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni.	69
Mynd 52. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi.	71
Mynd 53. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi. ...	71
Mynd 54. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum.	73
Mynd 55. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum.	73

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1. Munn- og neftóbaksnotkun framhaldsskólanema á Íslandi árið 2007	20
Tafla 2. Hlutfall framhaldsskólanema árið 2007 sem segjast drekka áfengi, stundum eða oft, á tilteknum stöðum.	26

Inngangsorð

Rannsóknir á lífi og högum barna og ungmenna eru forsenda árangursríkrar stefnumótunar í málefnum þeirra. Frá árinu 1992 hefur menntamálaráðuneytið staðið að slíkum rannsóknum undir nafninu *Ungt fólk*. Árið 1999 hófst samstarf við Rannsóknir & greiningu og í febrúar 2006 skrifuðu menntamálaráðuneytið, Háskólinn í Reykjavík og Rannsóknir & greining, undir nýjan samstarfssamning um rannsóknir meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum landsins. Forvarnarstarf á Íslandi hefur undanfarinn áratug aðallega beinst að unglingum í efstu bekkjum grunnskóla og hefur vímuefnaneysla í þessum hópi lækkað mikið yfir tíma¹. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar hérlendis sem snúa að málefnum barna og unglinga og hafa niðurstöður þeirra gefið góða mynd af stöðu mála í forvörnum á hverjum tíma fyrir sig. Einnig hafa þær sýnt breytingar á neyslumynstri ungmenna á milli ára². Minni áhersla hefur hinsvegar verið á að afla þekkingar til stuðnings forvarnarstarfi meðal nemenda í framhaldsskólum að undanskildum rannsóknunum *Ungt fólk*. Rannsóknir og greining hefur í nánu samstarfi við menntamálaráðuneytið og sveitarfélög í landinu unnið ítarlegar rannsóknir meðal nemenda í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007. Þessar rannsóknir varpa ljósi á fjölmarga þætti í lífi nemenda í framhaldsskólum landsins en rannsóknirnar hafa miðað að því að afla upplýsinga um ýmsa þætti sem gefa skýra mynd af lífsstíl og félagslegu umhverfi ungs fólks í framhaldsskólum. Með rannsóknarröðinni *Ungt fólk* meðal framhaldsskólanema, árin 2000, 2004 og 2007, hefur menntamálaráðuneytið tryggt að hægt sé að vinna úr haldgóðum og samanburðarhæfum gögnum um hagi ungs fólks fyrir fjölmarga aðila.

Vímuefnanotkun ungmenna er staðreynd hér á landi eins og víðast hvar annars staðar í hinum vestræna heimi. Rannsóknir sýna ítrekað að notkun vímuefna, bæði ólöglegra og löglegra, er skaðleg ungu fólki og að líkur á að flosna upp úr námi og lenda í margvíslegum einstaklingsbundnum og/eða félagslegum vanda aukast til muna ef vímuefnaneysla er hluti af hinu daglega lífi ungs fólks³ Einnig er sá lífsstíll sem fylgir notkun vímuefna óæskilegur og síst til þess fallinn að bæta hag unglinga hvort sem er við

¹ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2008.

² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

³ Osgood o.fl. (1996); Storr o.fl. (2005); Atkinson o.fl. (2001); Hanna o.fl. (2001); Eggert og Herting (1993).

nám eða störf. Neysla löglegra vímuefna svo sem áfengis og tóbaks er þar engin undantekning.

Til að sporna við þessari vá er nauðsynlegt að þeir sem tengjast lífi og starfi ungmenna taki höndum saman og vinni markvisst fyrsta stigs forvarnastarf með því að herja á vandamálið áður en neysla hefst. Miklu máli skiptir að sem flestir vinni saman að þessu markmiði svo sem foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skóla, skipuleggjendur íþrótta- og tólmundastarfs, heilbrigðisyfirvöld, ásamt stjórnámálamönnum og öðrum stefnumótunaraðilum. Til að þetta sé gerlegt þarf að kortleggja umfang notkunarinnar þannig að hægt sé að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur hverju sinni sem og í viðeigandi hópum ungmenna. Slíkt verður aðeins gert með nákvæmri rannsóknarvinnu sem byggð er á fræðilegri þekkingu.

Hér á eftir gefur að líta niðurstöður rannsóknar meðal framhaldsskólanema á Íslandi sem unnin hefur verið af Rannsóknum & greiningu frá októbermánuði 2007. Sem fyrr segir hefur menntamálaráðuneytið stutt gerð grunnrannsókna meðal framhaldsskólanema (*Ungt fólk*) en úrvinnsla þessi, úr gagnagrunni rannsóknarinnar, er einnig styrkt af Lýðheilsustöð. Í skýrslunni er athyglinni beint að tóbaksnotkun framhaldsskólanema, þ.m.t. sígarettureykingum og notkun á munn – og neftóbaki. Þá er fjallað um áfengisnotkun og ölvunardrykkju og aðstæður áfengisneyslu skoðaðar. Einnig er fjallað um neyslu á ólöglegum vímuefnum. Þá er fjallað um tengsl nemenda við foreldra og fjölskyldu, um samband við jafningja og vini og hugmyndir þeirra og viðhorf til náms og skóla. Að lokum er skoðuð íþróttaiðkun og almenn hreyfing, ásamt þátttöku í félagsstarfi og skóla.

Gagnasöfnun fór fram með spurningalistakönnun meðal rúmlega 11.000 þúsund nemenda í framhaldsskólum á Íslandi. Niðurstöður eru greindar eftir aldri og kyni í fjórum hópum; stráka sem eru 18 ára eða eldri, stelpur sem eru 18 ára eða eldri, stráka sem eru yngri en 18 ára og stelpur sem eru yngri en 18 ára. Þá er gerð tímaraðagreining á nokkrum meginatriðum vímuefnaneyslu frá 2000, 2004 og 2007.

Í þessari skýrslu er sérstaklega unnið með niðurstöður frá Menntaskólanum í Reykjavík (MR). Myndir í skýrslum sýna ávallt fyrst landsmeðaltal og síðan tölur fyrir Menntaskólann í Reykjavík.

Aðferð og gögn

Rannsóknir Rannsóknna & greiningar eru þýðisrannsóknir en í því felst að þær eru ekki byggðar á hefðbundnum úrtökum heldur er reynt að ná til sem flestra í úrtaksrammanum innan þýðisins. Þetta er gert með því að leggja spurningalista fyrir alla nemendur sem mættir eru til dagskóla á tilteknum degi með það að leiðarljósi lágmarka öryggismörk niðurstaðnanna.

Þátttakendur

Niðurstöður þær sem birtar eru í þessari skýrslu eru byggðar á könnunum sem Rannsóknir & greining lagði fyrir nemendur í framhaldsskólum á Íslandi í október árin 2000, 2004, og 2007. Þátttakendur voru þeir dagskólanemendur framhaldsskólanna sem mættir voru í kennslustundir á þeim tíma sem kannanirnar voru lagðar fyrir. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur í öllum framhaldsskólum á Íslandi⁴. Árið 2000 fengust gild svör frá 8.702 nemendum af heildarþýðinu, þar af voru 4.028 strákar og 4.615 stelpur, en 59 nemendur gáfu ekki upp kyn sitt. Svarhlutfall var 70,5% allra nemenda framhaldsskóla sem skráðir voru í kennslustundir á fyrirlagnartíma. Árið 2004 fengust gild svör frá 11.031 nemendum af þýðinu og voru strákar 5.279 en stelpur 5.617. Alls gáfu 135 ekki upp kyn sitt. Samkvæmt þessu var svarhlutfall 80,9% í könnuninni árið 2004. Árið 2007 fengust gild svör frá 11.229 nemendum af þýðinu. Strákar voru 5.405 en stelpur 5.690 en upplýsingar um kynferði vantar fyrir 134 þátttakendur. Svarhlutfallið þetta ár er 72,2% af mögulegum þátttakendum í úrtaksrammanum. Samtals eru því 30.962 einstaklingar í gagnagrunni Rannsóknna & greiningar úr framhaldsskólum frá árunum 2000, 2004 og 2007. Í Menntaskólanum í Reykjavík tóku 673 nemendur þátt í rannsókninni árið 2000, 798 nemendur árið 2004 og 771 nemandi árið 2007. Hér er unnið með svör þeirra allra samtímis.

⁴ Þar sem í könnuninni er lögð áhersla á að kanna hagi ungmenna á framhaldsskólaaldri voru nemendur í kvöldnámi eða fjarnámi undanskildir.

Mælitæki

Mælitæki þessara kannana eru ítarlegir spurningalistar sem hafa verið þróaðir mörg undanfarin ár, fyrst af starfsfólki Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála (RUM), en á síðari árum af Rannsóknum & greiningu í Kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík. Spurningarnar eru mótaðar af fagfólki í félagsvísindum þar sem farið er eftir ströngum kröfum um að þær geti af sér öruggar niðurstöður og að áreiðanleiki og réttmæti sé ávallt í fyrirrúmi. Spurningalistinn árið 2000 inniheldur 151 spurningu í mismunandi mörgum liðum á 45 blaðsíðum en listinn árið 2004 inniheldur 170 spurningar á 53 blaðsíðum. Árið 2007 voru spurningarnar alls 127 á 41 blaðsíðu. Kvarðar eru gjarnan notaðir sem svarmöguleikar til að auka réttmæti spurninganna. Svonefndur Likert-kvarði⁵ er þar áberandi.

Framkvæmd og úrvinnsla gagna

Framkvæmd allra kannananna var þannig háttað að spurningalistar voru sendir til allra skóla landsins þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir og gerðu svo eftir ákveðnum fyrirmælum. Nafnleyndar þátttakenda var gætt með því að ítreka það fyrir nemendum að hvorki bæri að rita nafn né kennitölu á svarblöðin svo útilokað væri að rekja svörin til þeirra. Einnig voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og að biðja um hjálp ef þörf væri á. Í þessari skýrslu er fyrst og fremst unnið með tíðnitölur sem settar eru fram í myndum og töflum með hlutföllum og krosskeyrslum breyta. Of langt mál er að telja hér upp allar þær spurningar sem notaðar eru í skýrslunni eða hvernig einstakar breytur eru kóðaðar en áhugasömum er bent á að hafa samband við Rannsóknir & greiningu (rannsoknir@rannsoknir.is) ef nákvæmari skýringa er óskað.

⁵ Sjá nánar: De Vaus 2002.

Skólar sem tóku þátt í framhaldsskólarannsóknni haustið 2007

Borgarholtsskóli
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Fjölbrautaskóli Vesturlands
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Fjöltækniskóli Íslands
Flensborgarskóli
Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu
Framhaldsskólinn á Húsavík
Framhaldsskólinn á Laugum
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Iðnskólinn í Hafnarfirði
Iðnskólinn í Reykjavík
Kvennaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn á Akureyri
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Menntaskólinn á Ísafirði
Menntaskólinn Hraðbraut
Menntaskólinn að Laugarvatni
Menntaskólinn í Kópavogi
Menntaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Verkmenntaskóli Austurlands
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Verzlunarskóli Íslands

Vímuefnanotkun

Á Íslandi hefur samvinnukerfi, gjarnan kallað *íslenska módelið*, gefist vel í baráttunni við að sporna við vímuefnanotkun unglinga í efstu bekkjum grunnskóla. Íslenska módelið byggir á fræðilegum grunni þar sem áhersla er lögð á samvinnu rannsóknarfólks, stefnumótunaraðila og grasrótarfólks sem starfar með ungu fólki⁶. Þetta kerfi vísar til þess að mestur árangur náist í forvörnum með því að draga úr þekktum áhættuþáttum vímuefnanotkunar, en um leið að styrkja verndandi þætti svo sem mikilvægi foreldra, skóla og annarra stofnana í nærsamfélagi ungmenna. Rannsóknir sýna að hlutfall nemenda í efstu bekkjum grunnskóla sem segjast hafa orðið drukknir á síðastliðnum 30 dögum, reykt eina sígarettu eða fleiri á dag og hafa prófað hass einhvern tíma um ævina lækkaði jafnt og þétt frá árunum 1997 – 2008⁷. Á móti hefur hlutfall ungmenna sem segjast eyða umtalsverðum tíma með foreldrum sínum utan skóla og um helgar hækkað sem og hlutfall þeirra sem segja að foreldrar þeirra viti hvar þeir eru á kvöldin. Stuðningur, aðhald og eftirlit, sem eru þrjú af megin áhersluatriðum íslenska módelisins hefur því aukist í nærsamfélagi unglinga⁸.

Rannsóknir hafa sýnt að þeir unglingar sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og tengjast þeim vel eru ólíklegri en aðrir unglingar til að leiðast út í vímuefnanotkun lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnanotkun er algeng⁹. Einnig hafa rannsóknir leitt í ljós að þeir unglingar sem eiga í stöðugum jákvæðum samskiptum við foreldra sína og fá góðan stuðning frá þeim eru líklegri til að sýna betri árangur í námi en þeir sem fá ekki slíkan stuðning¹⁰ ásamt því að eignast frekar vini þar sem svipað samskiptamunstur er haft í heiðri¹¹.

Yfirfærsla þess árangurs sem náðst hefur meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla yfir á nemendur framhaldsskólanna er aðkallandi verkefni. Þegar ungmenni halda í framhaldsskóla veikist oft það öryggisnet sem hefur umlukið þau á grunnskólaárunum. Foreldrasamstarf minnkar, félagahópur og félagslíf breytist ásamt því

⁶ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. (í prentun).

⁷ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. (2008).

⁸ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. (í prentun).

⁹ Bachman o.fl. 1987.

¹⁰ de Bruyn o.fl. 2003.

¹¹ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

að brottfall úr skipulögðu íþróttá – og tómstundastarfi er talsvert á þessum árum¹². Allt eru þetta þættir sem íslenska forvarnarmódelið hefur lagt ríka áherslu á að séu nýttir í vímuefnaforvörnum. Það er því verðugt verkefni að meta hvort sú forvarnarvinna sem reynst hefur vel meðal nemenda í efstu bekkjum grunnskóla geti nýst meðal framhaldsskólanema.

Ef litið er til niðurstaðna sem fengust úr umfangsmikilli rannsókn sem gerð var á vímuefnanotkun nemenda í framhaldsskólum árið 2004 þá kemur í ljós að dregið hafði úr daglegum reykingum nemenda ef árið 2000 var haft til samanburðar og átti það við um bæði kynin. Í hópi stelpna sögðust um 20,8% reykja árið 2004 en 21,7% árið 2000, á móti 17% drengja árið 2004 en 20,6% árið 2000 (ekki sýnt á mynd). Einnig var skoðað hlutfall nemenda í 10. bekk vorið 2004 sem reyktu daglega í samanburði við hlutfall nemenda á 1. ári í framhaldsskóla sem reykja daglega haustið 2004. Niðurstöður sýna að hlutfallslega fleiri fyrsta árs nemar í framhaldsskólum reykja daglega (15%) en nemendur í 10. bekk um vorið 2004 (12%). Í þessari sömu úttekt var einnig gerður samanburður á hlutfalli nemenda í 10. bekk vorið 2004 og á nemendum á 1. ári í framhaldsskólum haustið 2004, sem höfðu orðið drukknir að minnsta kosti einu sinni á síðastliðnum 30 dögum fyrir gerð könnunarinnar. Þá var hlutfall nemenda skoðað sem höfðu orðið drukknir einu sinni eða oftari um ævina. Niðurstöður sýndu að hlutfall þeirra sem hafa orðið drukknir á síðastliðnum 30 dögum sem og meðal þeirra sem hafa orðið drukknir um ævina hækkar mikið milli 10. bekkjar og framhaldsskólans. Í sömu rannsókn var einnig skoðuð notkun annarra vímuefna. Niðurstöður sýndu ekki miklar breytingar frá árinu 2000 til 2004¹³.


Hér á eftir gefur að líta myndir sem sýna vímuefnanotkun framhaldsskólanema árið 2007 með völdum samanburði við árin 2000 og 2004.

¹² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005.


¹³ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005

Tóbaksnotkun

Reykingar




Mynd 1. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina.




Mynd 2. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina.

Mynd 1 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. Myndin sýnir að heldur hefur dregið úr hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum sem segjast hafa prófað að reykja sígarettur á tímabilinu 2000, 2004 og 2007 og á það við um báða aldursflokkana. Ef litið er ársins 2000 þá voru alls 64,7% stráka og stelpna á framhaldsskólaaldri sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina, en árið 2004 var þetta hlutfall 59,9%. Árið 2007 var hlutfallið um 56,6%. Árið 2000 höfðu 56,5% stráka 18 ára og yngri prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina. Það hlutfall var komið niður í 47% árið 2007 og er það lækkun sem nemur um 9,5 prósentustigum. Árið 2000 höfðu 70,2% stráka 18 ára og eldri prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina en 68,5% árið 2007. Meðal stelpna 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina 59,6% árið 2000, en var komið niður í 47,6% árið 2007, lækkun sem nemur 12 prósentustigum. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 73% þeirra sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina árið 2000. Árið 2007 var þetta hlutfall komið niður í 66,1%, lækkun sem nemur um 6,9 prósentustigum. Mesta hlutfallslega lækkunin virðist vera hjá stelpum 18 ára og yngri, þegar litið er til landsmeðaltals.



Mynd 3. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast reykja sígarettur daglega.



Mynd 4. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast reykja sígarettur daglega.

Mynd 3 hér á undan sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast reykja sígarettur daglega. Líkt og á mynd 1 má sjá að heldur hefur dregið úr því hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast reykja sígarettur daglega, milli árunna 2000, 2004 og 2007. Á það við um báða aldursflokkana. Ef litið er til ársins 2000 þá voru alls 21% stráka og stelpna á framhaldsskólaaldri sem sögðust hafa prófað að reykja sígarettur einhvern tíma um ævina, en árið 2004 var þetta hlutfall um 18,3%. Árið 2007 var þetta hlutfall um 16,1%. Árið 2000 reyktu 18% stráka 18 ára og yngri daglega en árið 2007 var þetta hlutfall 13,9%, sem er lækkun um 4,1 prósentustig. Árið 2000 höfðu 23,1% stráka 18 ára og eldri reykt sígarettur daglega árið en hlutfallið var um 18,5% árið 2007. Er það lækkun sem nemur um 4,6 prósentustigum. Meðal stelpna 18 ára og yngri höfðu 17,9% reykt sígarettur daglega en 12,8% árið 2007 sem er lækkun um 5,1%. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 25,2% sem sögðust reykja sígarettur daglega árið 2000, en um 19,9% stelpna árið 2007, lækkun sem nemur um 5,3 prósentustigum. Mesta hlutfallslega lækkunin virðist vera hjá stelpum 18 ára og eldri, þegar litið er til landsmeðaltals.

Notkun munn – og neftóbaks


Tafla 1. Munn- og neftóbaksnotkun framhaldsskólanema á Íslandi árið 2007

	Menntaskólinn í Reykjavík				Landsmeðaltal			
	Strákar		Stelpur		Strákar		Stelpur	
	U18	18+	U18	18+	U18	18+	U18	18+
Notað munntóbak 1x eða oftar um ævina	15,8%	37,0%	3,0%	5,2%	39,0%	56,6%	15,7%	23,0%
Notað munntóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	8,7%	11,0%	0,9%	0,6%	24,8%	28,5%	4,4%	3,9%
Notað munntóbak 3x eða oftar sl. 30 daga	4,9%	7,1%	0%	0,6%	17,2%	20,8%	1,3%	1,4%
Notað neftóbak 1x eða oftar um ævina	24,6%	56,0%	13,4%	25,9%	51,4%	62,8%	33,0%	51,4%
Notað neftóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	11,5%	20,3%	3,0%	4,6%	30,2%	32,4%	12,3%	13,2%
Notað neftóbak 3x eða oftar sl. 30 daga	7,7%	0,4%	7,1%	0,6%	19,4%	18,7%	3,9%	3,9%

Í töflu 1 má sjá hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi og í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa notað munn- eða neftóbak einhvern tíma um ævina og síðastliðna 30 daga. Fram kemur að strákar eru mun líklegri en stelpur til að hafa notað slíkt tóbak, hvort sem um er að ræða munn- eða neftóbak. Rúmlega 17% stráka undir 18 ára og tæplega 21% stráka 18 ára og eldri segjast hafa notað munntóbak þrisvar sinnum eða oftar á síðastliðnum 30 dögum. Þetta er sérstaklega eftirtektarvert fyrir þær sakir að munntóbak er bannað samkvæmt íslenskum lögum. Töluvert fleiri hafa notað neftóbak en munntóbak þegar á heildina er litið. Til dæmis segja rúmur helmingur allra framhaldsskólanema á að þeir hafi prófað að nota neftóbak einu sinni eða oftar um ævina.


Áfengisnotkun

Notkun um ævina



Mynd 5. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar um ævina.


Mynd 5 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem neytt hafa áfengis einu sinni eða oftar um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar neytt áfengis einu sinni eða oftar um ævina og á það við um báða aldursflokkana. Alls hafa 79,6% stráka sem eru 18 ára og yngri neytt áfengis einu sinni eða oftar um ævina en um 93,7% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef hlutfall stelpna sem eru 18 ára og yngri er skoðað þá hafa um 84,9% þeirra neytt áfengis einu sinni eða oftar um ævina en um 95,8% þeirra sem eru 18 ára og eldri.



Mynd 6. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga.


Mynd 6 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga. Alls hafa um 61,9% stráka, 18 ára og yngri neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, en um 81,3% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef litið er til stelpna sem eru 18 ára og yngri þá hafa um 69,2% þeirra neytt áfengis þetta oft en um 82,5% stelpna í aldurshópnum 18 ára og eldri. Þessar niðurstöður gefa til kynna að stelpur í framhaldsskóla virðast frekar hafa neytt áfengis einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga en strákar og á það við um báða aldursflokkana.

Ölvunardrykkja




Mynd 7. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oft um ævina.

Mynd 7 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oft um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri stelpur en strákar orðið ölvaðar einu sinni eða oft um ævina og á það við um báða aldursflokka. Alls hafa um 64,2% stráka 18 ára og yngri orðið ölvaðir einu sinni eða oft um ævina árið 2007, en um 88,5% stráka í aldurshópnum 18 ára og eldri. Ef lítið er til stelpna sem eru 18 ára og yngri þá hafa um 70,6% þeirra orðið ölvaðar þetta oft um ævina en um 91,5% stelpna sem eru 18 ára og eldri. Þessar niðurstöður gefa til kynna að stelpur í framhaldsskóla virðast frekar en strákar í framhaldsskóla hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oft um ævina og á það við um báða aldursflokka.



Mynd 8. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004 og 2007.



Mynd 9. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004 og 2007.

Mynd 8 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa orðið ölvað einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, árin 2000, 2004 og 2007. Eins og myndin gefur til kynna þá hefur lítið dregið úr slíkri ölvun og er það óháð kyni og aldri. Ef lítið er til ársins 2000 þá höfðu alls um 63,5% nemenda í framhaldsskóla á Íslandi orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga, en um 63,3% þeirra árið 2004. Árið 2007 var þetta hlutfall um 62,4% nemenda í framhaldsskóla. Meðal stráka 18 ára og yngri mældist hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga um 57,5% árið 2000, en árið 2007 var þetta hlutfall um 50,2%. Það er lækkun sem nemur um 7,3 prósentustigum. Hinsvegar sögðust 72,1% stráka 18 ára eldri hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga árið 2000, en árið 2007 var þetta hlutfall meðal um 74,6%. Slík ölvunardrykkja hefur því aukist um 2,5% meðal stráka í þessum aldursflokki. Hjá stelpum 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið ölvaðar þetta oft árið 2000 um 59,3%, en var árið 2007 komið niður í 56,4%. Er það lækkun sem nemur tæplega þremur prósentustigum. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 65,8% sem sögðust hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga árið 2000, en um 70,8% árið 2007. Slík ölvunardrykkja hefur því aukist um 5% meðal stelpna sem eru 18 ára og eldri. Dregið hefur úr slíkri ölvunardrykkju meðal stráka og stelpna í aldurshópnum 18 ára og yngri á landsvísu. Á hinn bóginn hefur aukning orðið hjá strákum og stelpum sem eru 18 ára og eldri þegar lítið þeirra sem hafa orðið ölvaðar einu sinni eða oftár síðastliðna 30 daga. Aukningin er þó meiri meðal stelpna.

Hvar neyta framhaldsskólanemar áfengis?


Tafla 2. Hlutfall framhaldsskólanema árið 2007 sem segjast drekka áfengi, stundum eða oft, á tilteknum stöðum.

	Menntaskólinn í Reykjavík				Alls	Landsmeðaltal				Alls
	Strákar		Stelpur			Strákar		Stelpur		
	U18	18+	U18	18+		U18	18+	U18	18+	
Heima hjá mér	1,7%	28,5%	4,3%	27,6%	14,7%	12,3%	41,3%	10,8%	37,8%	24,5%
Heima hjá öðrum	31,8%	67,2%	43,0%	81,1%	54,8%	44,0%	71,8%	55,3%	78,6%	61,8%
Í bænum	11,6%	53,0%	18,2%	58,1%	33,9%	31,2%	63,3%	35,5%	64,4%	47,6%
Annars staðar úti við	10,5%	21,0%	10,0%	18,5%	14,6%	28,5%	37,9%	27,9%	54,6%	30,7%
Á skemmtistað	7,7%	49,2%	15,7%	58,6%	31,5%	25,7%	64,5%	32,9%	68,9%	46,7%
Á pöbb eða kaffihúsi.	3,4%	40,8%	9,1%	40,2%	22,3%	16,0%	51,5%	18,6%	51,1%	33,2%
Fyrir framhalds-skólalaball	43,9%	77,9%	55,4%	85,1%	64,8%	43,8%	61,0%	52,6%	58,0%	53,6%
Á framhalds-skólalaballi	2,8%	5,0%	2,6%	1,7%	3,0%	14,4%	21,1%	13,3%	12,2%	15,1%


Í töflu 2 getur að líta hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema sem segjast drekka áfengi stundum eða oft á tilteknum stöðum. Sambærilegar upplýsingar hafa reynst vel í forvarnavinnu meðal grunnskólanema. Líkt og þar segjast flestir neyta áfengis stundum eða oft *heima hjá öðrum* eða tæplega 62% en næstflestir framhaldsskólanema segjast neyta áfengis stundum eða oft *fyrir framhaldsskólalaball* eða tæplega 54%. Um 15% segjast neyta áfengis stundum eða oft á framhaldsskólalaballi.

Ólögleg vímuefni

Neysla á hassi




Mynd 10. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004 og 2007.




Mynd 11. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina, árin 2000, 2004 og 2007.

Mynd 10 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina, árin 2000, 2004 og 2007. Eins og myndin gefur til kynna þá hefur dregið úr neyslu hass þetta oft og er það óháð kyni og aldri. Ef litið er til ársins 2000 þá höfðu um 22,8% nemenda í framhaldsskóla á Íslandi neytt hass einu sinni eða oft um ævina, en um 22,6% árið 2004. Árið 2007 var þetta hlutfall um 18,3% nemenda í framhaldsskóla. Árið 2000 höfðu 19% stráka 18 ára og yngri neytt hass þetta oft um ævina, en árið 2007 tæplega 12% sem er lækkun um rúm sjö prósentustig. Meðal stráka 18 ára og eldri hinsvegar sögðust um 37,5% hafa notað hass þetta oft árið 2000, en árið 2007 var þetta hlutfall í kringum 32,7%. Er það lækkun sem nemur 4,8 prósentustigum. Hjá stelpum 18 ára og yngri var hlutfall þeirra sem sögðust hafa notað hass einu sinni oft um ævina um 12,7%, en árið 2007 í kringum 8,8%. Það dregur því úr slíkri neyslu um 3,9%. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 24,2% sem sögðust hafa notað hass einu sinni eða oft um ævina en árið 2007 var þetta hlutfall um 22,8%. Það er áhugavert á að líta að árið 2004 hafa 28% stelpna neytt hass þetta oft og er það aukning frá árinu 2000. Dregið hefur úr neyslu hass einu sinni eða oft um ævina meðal beggja kynja og í báðum aldursflokkum. Hlutfallslega virðist þó mest draga úr neyslu hass þetta oft meðal stráka sem eru 18 ára og yngri.



Mynd 12. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina.


Mynd 12 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa notað hass þetta oft um ævina og á það við um báða aldursflokkana. Alls hafa um 6,1% stráka sem eru 18 ára og yngri notað hass þrisvar sinnum eða oftar um ævina árið 2007, en um 20,6% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef litið er til stelpna sem eru 18 ára og yngri þá hafa um 4,2% þeirra notað hass þetta oft um ævina, en um 13,7% stelpna sem eru 18 ára og eldri.



Mynd 13. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina.

Mynd 13 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina. Eins og myndin gefur til kynna þá hafa hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa notað amfetamín þetta oft um ævina og á það við um báða aldursflokka. Alls hafa um 5,1% stráka sem eru 18 ára og yngri notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina árið 2007, en um 15% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef litið er til stelpna sem eru 18 ára og yngri þá hafa um 3,8% þeirra notað amfetamín einu sinni eða oft um ævina, en um 10,4% stelpna sem eru 18 ára og eldri. Talsverð aukning virðist vera á neyslu amfetamíns þetta oft meðal beggja kynja með hækkandi aldri.


Neysla annarra ólöglegra vímuefna




Mynd 14. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem neytt hafa annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E-töflur, LSD, kókaín).

Mynd 14 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem hafa neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina (E-töflur, LSD, kókaín). Það sama er uppi á teningnum hér og þegar neysla hass og amfetamíns er skoðuð. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast hlutfallslega fleiri strákar en stelpur hafa neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina og á það við um báða aldursflokka. Alls hafa um 2,8% stráka sem eru 18 ára og yngri notað önnur ólögleg vímuefni um ævina árið 2007, en um 12,2% stráka sem eru 18 ára og eldri. Ef horft er til stelpna sem eru 18 ára og yngri þá hafa um 2,7% þeirra neytt annarra ólöglegra vímuefna um ævina, en um 8,3% stelpna sem eru 18 ára og eldri. Hér er einnig um svipaða þróun að ræða og þegar litið er til neyslu á hassi og amfetamíni. Talsverð aukning virðist vera á neyslu annarra ólöglegra vímuefna um ævina meðal beggja kynja eftir því sem á líður.

Engin ólögleg vímuefni




Mynd 15. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna um ævina, árin 2000, 2004 og 2007.



Mynd 16. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík sem segjast aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna um ævina, árin 2000, 2004 og 2007.


Mynd 15 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem segjast aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna um ævina, árin 2000, 2004 og 2007. Eins og myndin gefur til kynna þá hefur heldur aukist sá fjöldi stráka og stelpna í framhaldsskólum sem segjast aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna um ævina og er það óháð kyni og aldri. Ef litið er til ársins 2000 þá höfðu alls 76,1% framhaldsskólanema á Íslandi aldrei neytt ólöglegra vímuefna um ævina, en um 76% árið 2004. Árið 2007 var þetta hlutfall 80,2% nemenda í framhaldsskóla. Árið 2000 sögðust 80,3% stráka yngri en 18 ára aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna um ævina, en árið 2007 var þetta hlutfall 87%, sem er aukning um 6,7 prósentustig. Hinsvegar sögðust 61,2% stráka 18 ára og eldri aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna árið 2000, en árið 2007 var hlutfallið í kringum 65,1%. Aukning um 3,9%. Meðal stelpna 18 ára og yngri voru 86,7% sem sögðust aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna árið 2000 en árið 2007 var þetta hlutfall 90,3%. Er það aukning um 3,6%. Í hópi stelpna 18 ára og eldri voru um 74% þeirra sem sögðust aldrei hafa neytt neinna ólöglegra vímuefna um ævina, en árið 2007 var hlutfallið 75,7% og er það fremur lítil aukning á milli ára eða um 1,7%. Það er áhugavert á að líta að árið 2004 fækkar þeim stúlkum í aldurshópnum 18 ára og eldri, sem aldrei hafa neytt neinna ólöglegra vímuefna eða úr 74% (2000) í 70,5% (2007). Hlutfall þeirra stúlkna í aldurshópnum 18 ára og yngri sem aldrei hafa neytt ólöglegra vímuefna, stendur í nánast í stað á milli árána 2000 og 2004 og það sama á við um stráka í þessum sama aldurshópi. Í heildina eykst þó sá fjöldi einstaklinga frá árinu 2004 – 2007 sem hafa aldrei hafa neytt neinna ólöglegra vímuefna og er það óháð bæði kyni og aldri.

Breytingar á neyslu ungmenna frá 10. bekk yfir í framhaldsskóla




Mynd 17. Vímuefnaneysla nemenda í 10. bekk vorið 2007 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2007.


Mynd 17 sýnir vímuefnaneyslu nemenda í 10. bekk vorið 2007 og nemenda sem eru 16 ára og yngri í framhaldsskólum haustið 2007. Hér er því verið að bera saman sama hópinn á tveimur mismunandi tímum að frátöldum þeim sem hafa hætt námi að 10. bekk loknum eða hætt í framhaldsskóla snemma um haustið. Um það bil 6 mánuðir eru á milli mælinganna. Niðurstöður sýna að hlutfallslega fleiri fyrsta árs nemar í framhaldsskólum reykja daglega en nemendur í 10. bekk vorið 2007. Eins og myndin sýnir þá segjast 9,7% nemenda í 10. bekk reykja daglega vorið 2007, en 12,9% nemenda sem eru 16 ára eða yngri í framhaldsskóla haustið 2007. Myndin sýnir einnig ölvun síðastliðna 30 daga hjá hópnum tveimur. Niðurstöður þar eru á þann veg að ölvun rúmlega tvöfaldast á þessum sex mánuðum. Tæp 20% nemenda í 10. bekk vorið 2007 segjast hafa orðið ölvadir einu sinni eða oftast síðastliðna 30 daga, en 47,7% yngstu nemenda í framhaldsskóla haustið 2007. Vert er að gefa þessum niðurstöðum sérstakan gaum. Lítil munur er hins vegar á hópnum tveimur þegar könnuð er neysla hass um ævina. Um 7% nemenda í 10. bekk vorið 2007 segjast hafa notað hass um ævina, en 7,7% nemenda á 1. ári í framhaldsskóla.



Mynd 18. Daglegar reykingar nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2007 (bláu súlurnar). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.



Mynd 19. Hlutfall nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2007 sem hafa orðið ölváðir sl. 30 daga (bláar súlur). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.



Mynd 20. Hlutfall nemenda í öllum framhaldsskólum á Íslandi haustið 2007 sem hafa notað háss einhvern tíma um ævina (bláar súlur). Rauða súlan veitir upplýsingar um stöðu Menntaskólans í Reykjavík og sú gula sýnir landsmeðaltal.

Hagir og líðan

Mikilvægi sterkra tengsla ungmenna við foreldra sína verða seint ofmetin. Niðurstöður fjölmargra rannsókna sem gerðar hafa verið á undanförunum árum og áratugum benda til þess að tengsl ungmenna við foreldra sína og fjölskyldu skipti miklu máli fyrir þróun og þroska þeirra sem og samverustundir fjölskyldunnar¹⁴. Foreldrar eru ungu fólki mikilvægar og sterkar fyrirmyndir¹⁵ og eru lykilaðilar í félagslegu stuðningsneti þeirra. Rannsóknir hafa til dæmis sýnt að aðhald, eftirlit og stuðningur foreldra hefur jákvæð áhrif á námsárangur ungmenna¹⁶ og að þau ungmenni sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og / eða eru vel tengdir þeim eru ólíklegri en önnur ungmenni til að leiðast út í notkun vímuefna lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnaneysla er algeng¹⁷. Einnig hefur verið sýnt fram á það með rannsóknum að viðhorf ungmenna eru líklegri til að líkjast viðhorfum foreldranna ef sterk tengsl eru þeirra á milli¹⁸. Þess utan eru ungmenni sem eiga stöðug og jákvæð samskipti við foreldra sína og fá mikinn stuðning frá þeim, líklegri til að ganga vel í skóla¹⁹ og eignast vini þar sem svipað samskiptamynstur er uppi á teningnum²⁰. Foreldrar veita því ungmennum mikilvægt, félagslegt taumhald sem nær út fyrir eiginlegar samverustundir foreldra og ungmenna.

Að sama skapi hafa áhrif jafningjahópsins í lífi ungmenna mikið verið rannsökuð undanfarin ár. Ríkjandi viðmið og gildi jafningjahópsins hafa áhrif á viðhorf ungmenna til náms²¹, þátttöku þeirra í íþróttum og tómstundastarfi sem og líkur á vímuefnaneyslu eða annars konar áhættu hegðun²². Rannsóknir benda einnig til þess að áhrif jafningjahópsins aukist eftir því sem ungmenni verða eldri og að sama skapi dragi úr áhrifum foreldra og annarra fullorðinna í lífi þeirra með hækkandi aldri ungmenna. Ungmenni sem eru, eða vilja verða meðlimir í tilteknum hópi jafningja verða að tileinka sér viðmið og gildi hópsins. Hafa rannsóknir þannig sýnt að jafningjahópurinn er mjög

¹⁴ Coleman, 1988; Warr, 1993; Þóroddur Bjarnason o.fl. 2005.

¹⁵ Bandura, 1997.

¹⁶ Coleman, 1988; Sheldon og Epstein 2005.

¹⁷ Bachman o.fl. 1987.

¹⁸ Gorman 1998.

¹⁹ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

²⁰ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.

²¹ Zettergren 2003.

²² Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998

mikilvægur hluti af lífi ungmenna²³. Enn fremur er mikilvægt að foreldrar og forráðamenn ungmenna þekki til hópa sem þeir tilheyra.

Í rannsóknum á högum ungmenna er það almennt viðtekið að lífsstíll ungmenna og það „að vera unglingur“ sé að miklu leyti mótað í frístundum og / eða tómstundum þeirra sem gjarnan liggja utan við umhverfi fjölskyldu og skóla. Kenningar og rannsóknir um lífsstíl unglunga sem miðast oft að því að skýra hvað þeir geri í tómstundum og með hverjum þeir verja tíma sínum hafa sýnt fram á að það skiptir miklu máli í velferð ungmenna hvers eðlis tómstundir þeirra eru²⁴. Einnig hefur verið bent á að ungmenni þrói snemma á lífsleiðinni með sér ákveðið skyn sem hefur áhrif á þann lífsstíl sem þeir velja. Í ljósi þessa er vert að benda á að rannsóknir sýna ítrekað að ungmenni sem stunda íþróttir og / eða reglulega líkamsþjálfun eru ólíklegri til að nota vímuefni eða taka þátt í neikvæðu atferli en önnur ungmenni²⁵. Auk þess hefur gerð félags- og tómstundastarfs verið rannsökuð og sýna niðurstöður að slík starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrga aðila dregur úr líkum á að ungmenni tileinki sér lífsstíl sem einkennist af áhættuhegðun svo sem notkun vímuefna²⁶. Þá mótast tómstundir og lífsstíll unglunga sömuleiðis af áhugamálum þeirra en einnig tískustraumum sem oft eiga sér alþjóðlegar rætur²⁷.

Framhaldsskólinn er vinnustaður fjölmargra ungmenna og innan hans verja mörg þeirra drjúgum tíma á aldrinum sextán ára og framundir og yfir tvítugt. Félagsleg þróun er mikil og hröð á framhaldsskólaárunum og gegnir skólinn því margþættu hlutverki. Margir eignast vini og / eða félagá ævilangt og er félagsskapur samnemenda mikilvægur hluti þess að vera í framhaldsskóla. Rannsóknir sýna að lífsstíll unglunga á þessum árum er sterklega tengdur námsárangri þeirra og að líðan í skóla, viðhorf til náms og áhættuhegðun svo sem áfengisnotkun og reykingar, eru þættir sem tengjast klárlega námsárangri²⁸.

Hér á eftir gefur að líta myndir sem sýna stöðu ýmissa félagslegra þátta sem tengjast vímuefnanotkun með skýrum hætti eins og sagt er frá í yfirliti hér á undan.

²³ Rúnar Vilhjálmsson 1994, Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998

²⁴ Osgood o.fl. 1996; Peretti – Watel og Lorente 2004.


²⁵ Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.

²⁶ Piko og Fitzpatrick 2004.

²⁷ Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson 1993; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.


²⁸ Crosnoe o.fl. 2002; Lahelma 2002; Roeser o.fl. 1996; Smerdon 2002.

Fjölskylda og jafningjar




Mynd 21. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að fjölskyldu þeirra finnist mikilvægt að þau standi sig vel í námi.

Mynd 21 sýnir hlutfall nemenda í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að fjölskyldu þeirra finnist mikilvægt að þau standi sig vel í námi. Eins og myndin sýnir þá telja á bilinu 98 - 100% nemenda í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 að fjölskylda þeirra sé mjög eða frekar sammála því að það sé mikilvægt að standa sig vel í námi. Er þetta bæði óháð kyni og aldri.




Mynd 22. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að vinum þeirra finnist mikilvægt að standa sig vel í námi.

Mynd 22 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að vinum þeirra finnist mikilvægt að standa sig vel í námi. Eins og myndin sýnir þá telja um 96 – 99,5% nemenda í framhaldsskólum á Íslandi að vinum þeirra finnist mikilvægt að standa sig vel í námi. Mikill meirihluti nemenda virðist vera á þeirri skoðun og er það óháð kyni og aldri.




Mynd 23. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að finnast mikilvægt að standa sig vel í námi.

Mynd 23 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála því að þeim finnist mikilvægt að standa sig vel í námi. Eins og myndin sýnir þá segjast um 94 – 100% nemenda í framhaldsskólum á Íslandi vera frekar eða mjög sammála því að þeim finnist mikilvægt að standa sig vel í námi. Mikill meirihluti nemenda virðist vera á þessari skoðun og er það óháð kyni og aldri.




Mynd 24. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast *oft* horfa á sjónvarpið með fjölskyldu sinni.

Mynd 24 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast *oft* horfa á sjónvarpið með fjölskyldu sinni. Eins og myndin gefur til kynna þá virðast stelpur í báðum aldursflokkum frekar telja sig horfa *oft* á sjónvarpið með fjölskyldu sinni en strákar. Athyglisvert er að stelpur í aldurshópnum 18 ára og eldri virðast frekar (27,8%) en stelpur í yngri aldursflokknum (25,9%) telja sig horfa *oft* á sjónvarpið með fjölskyldu sinni. Því er hins vegar öfugt farið meðal stráka, en þar virðast strákar yngri en 18 ára (21%) frekar telja sig horfa oft á sjónvarpið með fjölskyldu sinni en strákar sem eldri eru (15,9%).




Mynd 25. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast *oft* stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni.

Mynd 25 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast *oft* stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni. Eins og myndin gefur til kynna þá segjast um 11,7% stráka 18 ára og yngri stunda *oft* íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni, en um 8,7% stráka, 18 ára og eldri. Hjá stelpum sem segjast *oft* stunda íþróttir eða útivist með fjölskyldu sinni, er hlutfallið mjög áþekkt í báðum aldurshópum, eða á bilinu 9,4 – 9,6%.




Mynd 26. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast *oft* tala við fjölskyldu sína.

Mynd 26 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segjast *oft* tala við fjölskyldu sína. Eins og myndin sýnir þá virðast stelpur frekar en strákar telja sig tala oft við fjölskyldu sína. Munurinn er talsvert mikill og áhugavert er á að líta að stelpur í aldursflokknum 18 ára og eldri virðast frekar telja sig tala oft við fjölskyldu sína (78,1%) en stelpur í yngri hópnum (71,7%). Í hópi stráka þá segjast 53,1% stráka, 18 ára yngri, tala oft við fjölskyldu sína, en um 51,6% stráka í eldri hópnum.




Mynd 27. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi sem telja mjög eða frekar erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum.

Mynd 27 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi sem telja sig eiga mjög eða frekar erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 5,6% stráka, 18 ára og yngri sig eiga mjög eða frekar erfitt að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum, en um 5,9% stráka í eldri aldurshópnum. Meðal stelpna þá eru um 3,9% þeirra í aldurshópnum 18 ára og yngri sem telja sig eiga mjög eða frekar erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum, en um 4,8 % stelpna í eldri aldurshópnum. Strákar og stelpur í eldri aldurshópnum virðast því frekar en þau sem yngri eru, telja sig eiga erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum. Munurinn er þó mjög lítil.




Mynd 28. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum.

Mynd 28 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum. Um 14,3% stráka í aldurshópnum 18 ára og eldri virðast telja sig eiga mjög eða frekar erfitt að fá slíkar samræður hjá foreldrum sínum, en um 12,4% stráka í yngri hópnum. Hjá stelpum í aldurshópnum 18 ára og yngri telja um 11,5% þeirra það mjög eða frekar erfitt að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum en um 11,5% í aldurshópnum 18 ára og eldri. Strákar og stelpur í eldri hópnum virðast frekar telja sig eiga erfitt með að fá samræður um persónuleg málefni hjá foreldrum sínum en þau sem yngri eru.




Mynd 29. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja mjög eða frekar erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið.

Mynd 29 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja frekar eða mjög erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið. Eins og sjá má á myndinni þá telja um 17,2% stelpna og 17,0% stráka, 18 ára og eldri, frekar eða mjög erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið. Meðal stráka 18 ára og yngri telja um 11,4% þeirra sig eiga erfitt með að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið, en um 12,6% stelpna. Strákar og stelpur í eldri aldurshópnum virðast því frekar telja sig eiga mjög eða frekar erfitt að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi námið en þau sem yngri eru. Hjá stelpum er þessi munur um 4,6 prósentustig en hjá strákum er hann 5,6%.




Mynd 30. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að þau hafi engan til að tala við.

Mynd 30 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að þau hafi engan til að tala við. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 4,7% stráka í aldurshópnum 18 ára yngri það eiga frekar eða mjög vel við um sig að þeir hafi engan til að tala við, en 5,3% stráka í eldri aldurshópnum. Meðal stelpna þá telja um 4,0% í aldurshópnum 18 ára og yngri það eiga frekar eða mjög vel við um sig að þær hafi engan til að tala við en um 3,4% stelpna í eldri aldurshópnum.




Mynd 31. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að eiga erfitt með að eignast vini.

Mynd 31 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að eiga erfitt með að eignast vini. Eins og sjá má á myndinni þá telja um 12,3% stráka 18 ára og yngri sig eiga í erfiðleikum með slíkt, en um 14,5% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna í aldurshópnum 18 ára og yngri þá telja um 13,5% það eiga frekar eða mjög vel við um sig að eiga erfitt með að eignast vini en um 14,2% stelpna í eldri aldurshópnum.



Mynd 32. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel um sig að vera einmana.


Mynd 32 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 8,6% stráka, 18 ára og yngri, það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana. Um 11% stráka 18 ára og eldri í framhaldsskólum á Íslandi telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana. Á meðal stelpna þá telja um 9,6% stelpna í aldurshópnum 18 ára og yngri það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera einmana, en um 9,3% stelpna í eldri aldurshópnum.



Mynd 33. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel um sig að vera vinsæl(l) meðal skólafélaga sinna.


Mynd 33 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera vinsæl(l) meðal skólafélaga sinna. Eins og myndin sýnir þá telja um 68,3% stráka á aldrinum 18 ára og yngri það eiga frekar vel við um sig að vera vinsælir meðal skólafélaga sinna, en um 69,7% eldri stráka. Meðal stelpna þá telja um 65,4% stelpna það eiga frekar eða mjög vel við um sig að vera vinsælar meðal skólafélaga sinna, en um 65% stelpna 18 ára og eldri. Strákar virðast frekar en stelpur upplifa sig vera vinsæla meðal skólafélaga og er það óháð aldri.

Nám og skóli




Mynd 34. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt.

Mynd 34 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt. Eins og myndin sýnir þá telja um 5,4% stráka skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt, en um 5,3% stráka í eldri aldurshópnum. Meðal stelpna þá telja um 1,7% stelpna 18 ára eða yngri skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt en engin stelpa í eldri aldurshópnum. Það er áhugavert á að líta að strákar virðast frekar telja skólanámið ekki sérlega eða alls ekki mikilvægt og er það óháð aldri.




Mynd 35. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust.

Mynd 35 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust. Eins og myndin gefur til kynna þá telja um 5,9% yngri stráka það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust, en um 7,3% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna þá telja um 2,6% stelpna það eiga nær alltaf eða oft við um sig að finnast námið tilgangslaust, en um 3,0% stelpna í eldri aldurshópnum. Það virðist því frekar eiga við um stráka en stelpur að telja námið nær alltaf eða oft tilgangslaust og er það óháð aldri.




Mynd 36. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið.

Mynd 36 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið. Eins og myndin sýnir telja um 24,4% stráka í aldurshópnum 18 ára og yngri það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið, en um 25,8% stráka í eldri aldurshópnum. Meðal stelpna þá telja um 14,5% stelpna í aldurshópnum 18 ára og yngri það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið, en um 13,9% stelpna í eldri aldurshópnum. Áhugavert er á að líta að mikill munur er á kynjunum þegar leiði náms er skoðaður og er það óháð aldri. Strákar virðast fremur en stelpur telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að leiðast námið.




Mynd 37. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir.

Mynd 37 sýnir það hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir. Eins og sjá má þá telja um 21,9% stráka í yngri aldursflokki það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir, en um 29,7% þeirra sem eldri eru. Hjá stelpum í aldurshópnum 18 ára yngri eru um 14,5% sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir, en um 16,7% þeirra sem eldri eru. Strákar virðast frekar en stelpur telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera illa undirbúin undir kennslustundir og á það við um b.




Mynd 38. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum.

Mynd 38 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum. Hjá strákum 18 ára og yngri telja um 4,3% þeirra það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum, en um 4,4% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna þá eru um 2,9% þeirra sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í skólanum en um 3,5% stelpna í eldri aldurshópnum.




Mynd 39. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að langa til að hætta í skólanum.

Mynd 39 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf við um sig að langa til að hætta í skólanum. Eins og myndin gefur til sýnir þá segjast um 7,5% stráka í aldurshópnum 18 ára og yngri að þá langi til að hætta í skólanum þetta oft, en um 9,6% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna 18 ára og yngri þá upplifa um 6,0% þeirra að þær langi til að hætta í skólanum þetta oft, en um 7,1% stelpna í eldri aldurshópnum. Strákar virðast frekar telja það eiga við sig að vilja hætta í skólanum þetta oft og er það óháð aldri.




Mynd 40. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla.

Mynd 40 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla. Eins og myndin sýnir þá segja um 10,9% stráka 18 ára og yngri það eiga alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla, en um 8,1% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna sem eru 18 ára og yngri segja um 12,5% þeirra það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla en um 8,5% stelpna í eldri aldurshópnum. Strákar og stelpur 18 ára og yngri virðast frekar telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vilja skipta um skóla, en þau sem eldri eru.




Mynd 41. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að semja illa við kennarana.

Mynd 41 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að semja illa við kennarana. Eins og myndin gefur til kynna þá segjast um 4,4% stráka 18 ára og yngri semja illa við kennara sína þetta oft, en um 2,9% stráka 18 ára og eldri. Meðal stelpna þá segjast um 2,1% stelpna 18 ára og yngri það eiga nær alltaf eða oft við um sig að semja illa við kennarana, en um 1,5% stelpna sem eldri eru. Strákar virðast því frekar lenda upp á kant við kennara sína en stelpur, en munurinn telst þó lítil.




Mynd 42. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum.

Á mynd 42 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum. Eins og myndin sýnir þá segjast um 3,3% stráka það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum og á það við báða aldursflokka. Meðal stelpna í aldursflokknum 18 ára og yngri, þá segjast um 2,0% þeirra líða illa í kennslustundum þetta oft, en um 1,7% stelpna sem eldri eru. Strákar virðast frekar telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í kennslustundum en stelpur, en munurinn er þó lítill.




Mynd 43. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í frímínútum.

Mynd 43 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa í frímínútum. Eins og myndin sýnir þá segjast um 2,6% stráka í aldurshópnum 18 ára yngri líða illa í frímínútum þetta oft, en um 3,3% sem eldri eru. Meðal stelpna þá segjast um 2,4% stelpna það eiga nær alltaf eða oft við um sig að líða illa frímínútum, en um 2,8% stelpna 18 ára og eldri.



Mynd 44. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera utanveltu í skólanum.


Mynd 44 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem segja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera utanveltu í skólanum. Eins og myndin gefur til kynna þá segjast um 4,7% stráka, 18 ára og yngri, vera utanveltu í skólanum þetta oft, en um 5,3% þeirra sem eldri eru. Meðal stelpna þá segjast um 3,8% þeirra í aldurshópnum 18 ára og yngri það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera utanveltu í skólanum, en 4,5% stelpna 18 ára og eldri. Strákar og stelpur í eldri aldurshópnum virðast frekar upplifa sig utanveltu í skólanum en þau sem yngri eru, en munurinn er þó vart greinanlegur.




Mynd 45. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík og framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera lögð/lagður í einelti í skólanum.

Mynd 45 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007 sem telja það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera lögð/lagður í einelti í skólanum. Eins og myndin sýnir þá telja um 1,9% stáka í aldurshópnum 18 ára og yngri það eiga nær alltaf eða oft við um sig að vera lagðir í einelti í skólanum, en um 1,0% stráka sem eldri eru. Meðal stúlkna þá virðist einelti vart greinanlegt (0,2% – 0,6%) og á það við um báða aldurshópa.

Íþróttir og tómstundir




Mynd 46. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.




Mynd 47. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir því hversu oft þau stunda íþróttir eða líkamsrækt í viku hverri.

Á mynd 46 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem stunda íþróttir eða líkamsrækt. Eins og myndin sýnir þá virðast það frekar vera strákar (18%) og stelpur (18,1%) í aldurshópnum 18 ára og eldri sem nær aldrei stunda íþróttir eða líkamsrækt. Fleiri stelpur (16,8%) en strákar (15,3%) í aldurshópnum 18 ára og yngri stunda nær aldrei íþróttir eða líkamsrækt. Fleiri stelpur en strákar virðast stunda íþróttir eða líkamsrækt 1x - 3x í viku og á það við um báða aldurshópa. Fleiri strákar stunda hinsvegar íþróttir 4x í viku eða oftar.




Mynd 48. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.




Mynd 49. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi.

Á mynd 48 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi eftir því hversu oft þau stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi. Langflestir framhaldsskólanemar segjast nær aldrei stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi og á það við um bæði kynin og er óháð aldri. Einna síst virðist það þó eiga við stráka 18 ára og yngri (53,8%), en einna helst um stelpur í aldurshópnum 18 ára og eldri (78,6%). Af þeim sem stunda íþróttir (æfa eða keppa) með íþróttafélagi virðast flestir stunda íþróttir 4x eða oftar í viku og á það við um bæði kynin og báða aldurshópa.




Mynd 50. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni.




Mynd 51. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni.

Á mynd 50 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft þau reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni. Fleiri stelpur en strákar segjast nær aldrei reyna þannig á sig að þær mæðist verulega eða svitni og á það við um báða aldursflokka. Talsvert fleiri stelpur en strákar segjast reyna á sig líkamlega, á bilinu 1x - 3x í viku, þannig að þær mæðist verulega eða svitni og á það við um báða aldursflokka. Fleiri strákar en stelpur segjast hins vegar reyna á sig 4x eða oftar í viku þannig að þeir mæðist verulega eða svitni og á það einnig við um báða aldursflokka. Strákar virðast því oftar en stelpur, reyna þetta mikið á sig og er það óháð aldri.




Mynd 52. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómsundastarfi.




Mynd 53. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir því hversu oft í viku þau þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómsundastarfi.

Mynd 52 sýnir hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 sem taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi. Eins og myndin sýnir þá segjast flestir nær aldrei taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi. Stelpur í aldurshópnum 18 ára og eldri virðast einna síst taka þátt í slíku starfi (71,5%). Meðal þeirra sem segjast taka þátt í einhverju skipulögðu tómstundastarfi 1x - 3x í viku þá segjast 36,4% stráka í aldurshópnum 18 ára og yngri taka þátt í slíku starfi en 36% stelpna í sama aldurshópi. Meðal stráka sem eru 18 ára og eldri þá segjast um 29,3% þeirra taka þátt í einhverju skipulögðu félags- eða tómstundastarfi en um 23% stelpna í sama aldursflokki. Mjög dregur úr þátttöku í skipulögðu félags- eða tómstundastarfi þegar spurt er um þátttöku 4x eða oftar í viku og er það óháð kyni og aldri. Strákar í aldurshópnum 18 ára og eldri virðast þó einna helst taka þátt í slíku starfi þetta oft eða um 8% þeirra, en stelpur 18 ára og eldri einna síst (5,5%).



Mynd 54. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á Íslandi árið 2007 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum.



Mynd 55. Hlutfall stráka og stelpna í Menntaskólanum í Reykjavík árið 2007 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum.

Á mynd 54 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007 eftir þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum. Eins og myndin sýnir þá segjast flestir nær aldrei taka þátt í félagsstarfi í skólum að undanskildum böllum og diskóum. Stelpur í aldurshópnum 18 ára og eldri virðast taka lítinn þátt í slíku starfi, eða um 84,8% þeirra. Meðal stráka í sama aldurshópi þá segjast um 83,6% þeirra taka þátt í slíku starfi þetta oft. Meðal þeirra sem segjast taka þátt í slíku starfi nokkrum sinnum á ári / nokkrum sinnum í mánuði þá virðast strákar og stelpur í aldurshópnum 18 ára og yngri vera duglegri að taka þátt en þau sem eldri eru. Um 30,8% stráka í þessum aldurshópi segjast taka þátt þetta oft en um 28,4% stelpna. Í eldri aldurshópnum segjast um 15,6% stráka taka þátt þetta oft en um 13,1% stelpna. Mjög dregur úr þátttöku í félagsstarfi í skóla að undanskildum böllum og diskóum þegar spurt er um þátttöku 1x í viku eða oftar. Þá virðast stelpur í aldurshópnum 18 ára og yngri einna helst taka þátt í slíku starfi þetta oft eða um 3,9% en strákar í aldurshópnum 18 ára og eldri einna síst eða um 0,8%.

Heimildaskrá

- Atkinson, J.S., Richard, A.J. og Carlsson, J.W. (2001). The influence of peer, family and school relationships on substance use among participants in a youth jobs programs. *Journal of Child and Adolescent Substance Abuse*, 11: 45-54.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2005). *Vímuefnanotkun ungmenna í framhaldsskólum*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2006). *Ungt fólk 2006, Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). *Monitoring the future*. Ann Arbor: Institute for Social Research.
- Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. Prentice-Hall. Uppersaddle River, N.J.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.
- Crosnoe, R., Erickson, K.G. og Dornbusch, S.M. (2002). Protective functions of family relationships and school factors on the deviant behaviour of adolescent boys and girls: Reducing the impact of risky friendships. *Youth & Society*, 33, 515-544.
- de Bruyn, E.H., Dekovic, M. og Meijnen, G.W. (2003). Parenting, goal orientations, classroom behavior, and social success in early adolescence. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 24 (4), 393-412.
- De Vaus, D. (2002). *Surveys in Social Research* (5. útgáfa). London: Routledge.
- Eggert, L.L. og Herting, J.R. (1993). Drug Involvement among Potential Dropouts and Typical Youth. *Journal of Drug Education*, 23: 31-55.
- Gorman, T.J. (1998). Social class and parental attitudes toward education: Resistance and conformity to schooling in the family. *Journal of Contemporary Ethnography*, 27, 10-44.
- Hanna, E.Z., Yi, H.Y., Dufour, M.C. og Whitmore, C.C. (2001). The relationship of early – onset regular smoking to alcohol use, depression, illicit drug use, and other risky behaviours during early adolescence: Results from the youth supplement to the Third National Health and Nutrition Examination Survey. *Journal of Substance Abuse*, 13: 265-282.

- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Þórólfur Þórlindsson, Allegrante, J.P. (2008). Trends in prevalence in substance use among Icelandic adolescents, 1995-2006. *Substance Abuse Treatment, Prevention, and Policy*, 3:12.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Þórólfur Þórlindsson, Álfgeir Logi Kristjánsson, Roe, K.M. og Allegrante, J.P. (í prentun). Substance use prevention for adolescents: The Icelandic Model. *Health Promotion International*.
- Lahelma, E. (2002). School is for Meeting Friends: Secondary school as lived and remembered. *British Journal of Sociology of Education*, 23, 367-381.
- Osgood, D.W., Wilson, J.K., O'Malley, P.M., Bachman, J.G., og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behaviour. *American Sociological Review*, 61, 635-655.
- Peretti-Watel, P. og Lorento, F.O. (2004). Cannabis use, sport practise and other leisure activities at the end of the adolescence. *Drug and Alcohol Dependence*, 29: 1095-1107.
- Piko, B.F. og Fitzpatrick, K.M. (2004). Substance use, religiosity, and other protective factors among Hungarian adolescents. *Addictive Behaviors*, 29, 1095-1107.
- Roeser, R.W., Midgley, C. og Urdan, T.C. (1996). Perceptions of the school psychological environment and early adolescents' psychological and behavioral functioning in school: The mediating role of goals and belonging. *Journal of Educational Psychology*, 88, 408-422.
- Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson (1992). The integrative and physiological effects of sports participation: A study of adolescence. *Sociological Quarterly*, 33, 637-647.
- Rúnar Vilhjálmsson (1994). Effects of Social Support on Self – Assessed Health in Adolescence. *Journal of Youth and Adolescence*, 23, 437-452.
- Sheldon, S.B., Epstein, J.L. (2005). Involvement Counts: Family and Community Partnership and Mathematics Achievement. *Journal of Educational Research*, 98: 196-206.
- Smerdon, B.A. (2002). Students' perception of membership in their high schools. *Sociology of Education*, 75, 287-305.
- Storr, C.L., Westergaard, R. og Anthony, J.C. (2005). Early onset inhalent use and risk for opiate initiation by young adulthood. *Drug and Alcohol Dependence*, 78: 253-261.
- Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31, 17-40.

Zettergren, P. (2003). School adjustment in adolescence for previously rejected, average and popular children. *British Journal of Educational Psychology*, 73, 207-221.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson. (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis og menntamála.

Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson (1993). *Tómstundir íslenskra unglunga vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.